

Fundargerð svæðisráðs Vatnajökulspjóðgarðs - Suðursvæði 13. fundur

13. fundur

Svæðisráð Vatnajökulspjóðgarðs – Suðursvæði

Fundur var haldinn í svæðisráði suðursvæðis **þriðjudaginn, 7. apríl 2009** í Ráðhúsi á Höfn kl. **13:00**.

Mætt voru: Hjalti Þór Vignisson, Sigurlaug Gissurardóttir og Björn Ingi Jónsson. Einnig: Regína Hreinsdóttir, þjóðgarðsvörður og Helga Davids.

Gengið var til dagskrár:

1. Stefnumótun fyrir Vatnajökulspjóðgarð

Lögð fram stefnumótun fyrir Suðursvæði Vatnajökulspjóðgarðs frá því í september 2006. Mikil umræða skapaðist og starfsmönnum og formanni falið að vinna nánar í stefnumótun fyrir næsta fund sem fyrirhugaður er í Skaftafelli í maí.

2. Stækkun Vatnajökulspjóðgarðs

Lagt fram tölvubréf frá Umhverfisstofnun 3. apríl 2009 um stækkun Vatnajökulspjóðgarðs. Svæðisráð fagnar fyrirhugaðri stækkun en bendir á að texti í reglugerð er ónákvæmur er varðar staðhætti á svæðinu.

3. Uppbygging á Heinabergssvæði

Regína lagði fram hugmyndir um uppbyggingu á Heinabergssvæði. Svæðisráðið leggur áherslu á að ráðist verði í framkvæmdir strax í vor. Lögð er áhersla á að þurrsalerni verði sett upp við Heinabergslón, bílastæði við lónið, skilti við þjóðveginn og ornefnaskilti við

Hánípu. Jafnframt mikilvægt að vegir verði staðsettir nákvæmlega þó að framkvæmdir við þá hefjist síðar.

4. Önnur mál

Engin.

Fundi slitið 15.10